

Ræða Helgu Steinunnar 27. mars 2013

Starfsfólk Samherja og makar – aðrir góðir gestir.

Það gleður mig mjög að standa hér enn og aftur í hlutverki formanns Samherjasjóðsins sem stofnaður var fyrir rúmum fjórum árum.

Það má með sanni segja að tíminn líði hratt. Árið 2008 fögnuðum við því í Ketilhúsinu að 25 ár voru liðin frá því að Akureyrin EA kom til Akureyrar og rekstur Samherja hófst. Af því tilefni voru valin verkefni styrkt með fjárframlagi. Jafnframt veitti Samherji ýmsum íþróttafélögum hér á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu fjárstyrki í þeim yfirlýsta tilgangi að stuðla að því að sem flest börn og unglingar gætu stundað þær íþróttgreinar sem hugur þeirra stæði til, óháð efnahag heimilanna.

Líkt og hendi sé veifað eru fimm ár flogin því eftir rúman mánuð eru 30 ár liðin frá fyrstu veiðiferð Akureyrinnar.

Það hefur margoft komið fram að styrkveitingarnar í desember 2008 voru hugsaðar sem einstök afmælisgjöf. En í ljósi þess hve vel þeim var tekið og hversu mikil þörf var fyrir þær, hafa stjórnendur félagsins endurtekið leikinn þrívegis síðan. Við vitum ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér en munum meta stöðuna ár frá ári hvað styrkveitingarnar varðar líkt og svo margt annað. Hér stend ég því stolt í fimmta sinn í þeim tilgangi að afhenda styrki til íþrótt- og tómstundastarfs og annarra samfélagsverkefna á Eyjafjarðarsvæðinu.

Ég get upplýst ykkur um það að sjóðsstjórnin hefur fengið gríðarlega margar fyrirspurnir og umsóknir um styrki alls staðar að af landinu, frá einstaklingum og félagasamtökum, vísindasjóðum og fleirum. Það er hins vegar yfirlýst stefna Samherja að láta samfélagið í kringum okkur hér við Eyjafjörð njóta góðs af þessum styrkjum, ekki síst hið blómlega íþrótt- og æskulýðsstarfið hér á svæðinu. Á því verður engin breyting.

Ég vil nota tækifærið til að þakka félögum mínum í sjóðsstjórninni, þeim Árna Óðinssyni og Jóhannesi Bjarnasyni, fyrir samstarfið. Þeir hafa veitt ómetanlega ráðgjöf við að stuðla að því að þeir fjármunir sem Samherji afhendir með þessum hætti fari í að efla barna- og unglingastarf.

Við í sjóðsstjórninni höfum fengið mjög góð viðbrögð frá styrkhöfum og félögin hafa sent okkur greinargerð um starfið og í hvað peningarnir hafa nýst. Styrkirnir hafa nýst mjög vel í að greiða niður æfingagjöld og keppnisferðir eyfirskra ungmenna. Það er fagnaðarefni – ekki síst á tímum þar sem ferðakostnaður hefur hækkað gríðarlega. Til að eyfisk ungmenn geti staðið jafnfætis keppinautum sínum annars staðar á landinu þurfa þau að ferðast mikið til æfinga og þáð kostar sitt.

Góðir gestir.

Mér hefur verið falið að afhenda hér í dag marga veglega styrki, fyrir hönd Samherja, eins og ég sagði áðan. Í árslok 2011 útdeildum við um 75 milljónum króna, mun meira en nokkru sinni fyrr. Það er mér sönn ánægja að tilkynna að í ár var ákveðið að slá hvernig af og því nema styrkirnir í ár alls um **90 milljónum króna!**

Ég vil ítreka það sem margoft hefur verið sagt að þátttaka barna og unglunga í íþróttum er ómetanlegur þáttur í forvörnum og uppeldi. Samherji vill efla þetta starf enn frekar með því að veita nokkrum íþrótt- og æskulýðsfélögum styrki. Fjármununum skal varið á næstu mánuðum til að lækka æfingagjöld barna og unglunga og/eða til að lækka kostnað við keppnisferðir þeirra á yfirstandandi ári og styrkja starfið með öðrum hætti.

Styrkirnir eru jafnframt viðurkenning til þess stóra hóps fólks – foreldra og forsvarsmanna íþróttafélaga – sem vinna óeigingjarnt starf í ómældu magni í þágu félags síns – án þess að fá svo mikið sem krónu greitt fyrir starf sitt. Launin sem þessir sjálfboðaliðar fá eru að sjá starfið blómstra, að sjá unga fólkið blómstra í íþrótt sinni.

Allir þeir sem koma hingað upp á eftir til að veita viðtöku styrk til síns félags eru fulltrúar þessa stóra hóps sjálfboðaliða sem bera starfið á herðum sér. Þeir eiga ómældan heiður skilinn. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þessum einstaklingum ómetanlegt framlag þeirra til íþrótt- og æskulýðsstarfsins við Eyjafjörð. Við skulum gefa þeim gott klapp.

Ágætu gestir.

Þær Sólveig Sigurjónsdóttir og Margrét Melstad, starfsmenn Samherja, verða mér innan handar við að afhenda þá styrki sem útteilt verður hér í dag.

Knattspyrnufélag Akureyrar

Ég bið Sævar Pétursson framkvæmdastjóra KA, að koma hingað upp.

Íþróttafélagið Þór

Ég bið Árna Óðinsson formann Þórs, að koma hingað upp.

Fimleikafélag Akureyrar

Ég bið Ingu Stellu Pétursdóttur formann FIMAK, að koma hingað upp.

Skíðafélag Akureyrar

Ég bið Erling Guðmundsson, formann Skíðafélagsins, að koma hingað upp.

Skautafélag Akureyrar

Ég bið Rut Hermannsdóttur formann listhlaupadeildar SA, að koma hingað upp.

Sundfélagið Óðinn

Ég bið Heiðar Ólason formann Óðins, að koma hingað upp.

Íþróttafélagið EIK

Ég bið Hauk Þorsteinsson, formann Eikar, að koma hingað upp.

Íþróttafélagið Akur

Ég bið Jósep Sigurjónsson, formann Akurs, að koma hingað upp.

Ungmennafélag Akureyrar

Ég bið Gunnar Gíslason, formann UFA, að koma hingað upp.

Siglingaklúbburinn Nökkvi

Ég bið fulltrúa Nökkva Lilju Gísladóttur siglingakonu ársins 2012, að koma hingað upp.

Golfklúbbur Akureyrar

Ég bið Höllu Sif Svavarsdóttur framkvæmdastjór GA, að koma hingað upp.

Hestamannafélagið Léttir

Ég bið Önnu Catharinu Grós, fulltrúa æskulýðsnefndar Léttis, að koma hingað upp.

KKA – Akstursíþróttafélag

Ég bið Þorstein Hjaltason, formann KKA, að koma hingað upp.

Karate-félag Akureyrar

Ég bið Magnús Sigþórsson, formann Karatefélagsins, að koma hingað upp.

Íþróttafélagið Draupnir

Ég bið Vilhelm Þorra Vilhelmsson varaformann Draupnis að koma hingað upp.

Kraftlyftingafélag Akureyrar

Ég bið Skúla Grétar Gunnarsson, formann Kraftlyftingafélagsins, að koma hingað upp.

Ungmennafélag Svarfdæla

Ég bið Kristján Ólafsson, formann Ungmennafélagsins, að koma hingað upp.

Skíðafélag Dalvíkur

Ég bið Kristín Aðalheiður Símonardóttir, að koma hingað upp.

Golfklúbburinn Hamar, Dalvík

Ég bið Gísla Bjarnason, formann Hamars, að koma hingað upp.

Leikfélag Dalvíkur

Ég bið Kristján Guðmundsson, fulltrúa Leikfélagsins, að koma hingað upp.

Grjótglímufélagið á Dalvík

Ég bið Oliver Hilmarsson formann Grjótglímufélagsins að koma hingað upp.

Ungmennafélagið Samherjar í Eyjafjarðarsveit

Ég bið Valgerði Jónsdóttur formann ungmennafélagsins Samherja að koma hingað upp.

Æskulýðsstarf Akureyrarkirkju

Ég bið Svavar Alfreð Jónsson að koma hingað upp.

Æskulýðsstarf Gleráarkirkju

Ég bið Gunnlaug Garðarsson að koma hingað upp.

Sumarbúðir KFUM og KFUK að Hólavatni.

Ég bið Jóhann Þorsteinsson frá KFUM & K að koma hingað upp.

Skátafélagið Klakkur á Akureyri

Ég bið Fannar Geir Ásgeirsson, fulltrúa Klakks, að koma hingað upp.

Góðir gestir.

Ég vek athygli á því að allir þeir styrkir sem ég hef nú afhent eru sérstaklega ætlaðir til að efla barna- og unglingastarf í þessum ágætu félögum. Ég legg til að við klöppum fyrir því!

Takk fyrir.

En áfram skal haldið og nú að meistaraflokksstarfinu í íþróttafélögunum.

Akureyri – handboltafélag

Ég bið Hermann Haraldsson stjórnarmann, að koma hingað upp.

Íþróttafélagið Þór, meistaraflokkur karla, knattspyrna

Ég bið Magnús Inga Eggertsson, formann karlaráðs knattspyrnudeildar Þórs, að koma hingað upp.

Knattspyrnufélag Akureyrar, meistaraflokkur karla, knattspyrna

Ég bið Gunnar Nielsson, formann knattspyrnudeildar KA, að koma hingað upp.

Íþróttafélagið Þór, meistaraflokkur karla og kvenna, körfuknattleikur

Ég bið Stefán Vilberg Leifsson, formann körfuknattleiksdeildar Þórs, að koma hingað upp.

Knattspyrnufélag Akureyrar, meistaraflokkur karla og kvenna, blak

Ég bið Ósk Jórunn Jónsdóttir, formann blakdeildar KA, að koma hingað upp.

Þór/KA – meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu

Ég bið Kolbrúnu Jónsdóttur, fulltrúa kvennaráðs knattspyrnudeildar Þórs, að koma hingað upp.

KA/Þór – meistaraflokkur kvenna í handknattleik

Ég bið Erling Kristjánsson, formann handknattleiksdeildar KA, að koma hingað upp.

Skautafélag Akureyrar, meistaraflokkur karla og kvenna, íshokki.

Ég bið Rut Hermannsdóttur fulltrúa SA, að koma hingað upp.

Ungmennafélag Svarfdæla, meistaraflokkur, knattspyrna.

Ég bið Garðar Nielsson, formann knattspyrnudeildar Dalvíkur/Reynis, að koma hingað upp.

Fjölsmiðjan á Akureyri

Ég bið Erling Kristjánsson, forstöðumann Fjölsmiðjunnar, að koma til mín aftur.

Velferð og tækni á Öldrunarheimilum Akureyrar

Næsta verkefni sem ég ætla að kynna fyrir ykkur í dag snýr að því sem við viljum kalla “Velferð og tækni á öldrunarheimilum Akureyrar.

Meðal mikilvægustu verkefna í þjónustu við eldra fólk er að viðhalda eða efla lífsgæði s.s. öryggi, líðan, virkni og samskipti þeirra til þátttöku í því fjölbreytilega starfi sem í boði er.

Einn þáttur nútímasamfélagsins sem hefur tekið og mun væntanlega taka miklum breytingum á næstu árum, er notkun margháttáðrar tækni til miðlunar upplýsinga sem og til samskipta. Nægir að nefna til dæmis veraldarvefinn, YouTube, Fésbókina, heimasíður, tölvupóst, og Skype, sem ætla má að yngra fólk/almennigur nýti sér að hluta eða miklu leyti í daglegu lífi.

Verkefnið sem Samherji mun styrkja felst í að efla virkni eldra fólks og auðvelda því samskiptin með hjálp nútímataekni – og verður sjónunum beint að báðum öldrunarheimilunum á Akureyri, þ.e. Hlíð við Austurhlíð og Lögmannshlíð við Vestursíðu.

Þetta verður meðal annars gert með því að koma fyrir sendum og tenglum á þessum heimilum, kaupa nauðsynlegan hugbúnað, setja upp upplýsingaskjái og kaupa tölvur sem íbúar hafa aðgang að og sem starfsfólk getur nýtt til að virkja íbúa og auka samskipti milli íbúa og aðstandenda. Síðast en ekki síst er

ætlunin að hvetja og þjálfa íbúa og starfsfólk til að nýta tæknibúnaðinn og möguleg forrit til að auka hreyfingu og virkni samhliða auknum samskiptum.

Til þessa verkefnis hefur Samherji ákveðið að verja **5,0 milljónum króna**.

Ég vil biðja Halldór Guðmundsson, framkvæmdastjóra Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, að koma hingað upp og veita styrknum viðtöku.

Samstarfssamningur Samherja hf. við Special Olympics á Íslandi

Góðir gestir.

Mér er það sönn ánægja að tilkynna að Samherji hefur gengið frá samstarfssamningi við Íþróttasamband fatlaðra og Special Olympics á Íslandi. Með samningnum verður Samherji einn af aðalstyrktaraðilum Special Olympics á Íslandi fram yfir alþjóðaleika samtakanna í Los Angeles árið 2015.

Styrkupp hæðin nemur **fimm milljónum króna á ári eða samtals fimmtán milljónum króna**.

Styrknum verður varið til uppbyggingar á starfsemi Special Olympics hér á landi og þátttöku í verkefnum erlendis.

Samningurinn er mjög þýðingarmikill fyrir uppbyggingu og þróun á starfi samtakanna hér á landi en án utanaðkomandi stuðnings væri ekki mögulegt að taka þátt í svo kostnaðarsömum verkefnum.

Special Olympics samtökin hafa skapað ný tækifæri fyrir íþróttafólk með þroskahömlun en markmið þeirra er að allir hafi sömu möguleika til þátttöku á leikum samtakanna.

Þannig hafa Íslendingar öðlast tækifæri til að taka þátt í keppni á Alþjóðaleikum Special Olympics í greinum sem áður hafa ekki verið í boði fyrir þroskahamlaða, til að mynda í fimleikum, handbolta, golfi og nú í listhlaupi á skautum.

Ég bið formann Íþróttasambands fatlaðra, Svein Áka Lúðvíksson, Önnu K. Vilhjálmsdóttur, framkvæmdastjóra Special Olympics á Íslandi og Jón Heiðar Jónsson, stjórnarmann ÍF að koma hingað upp til mín til að skrifa undir. Fyrir hönd Samherja munum við Kolbrún Ingólfssdóttir undirrita samninginn.

Ágætu gestir.

Ég hef nú lokið að afhenda fjárstyrkina og vona að þeir komi í góðar þarfir. **Alls nema þeir 90 milljónum króna.**

Ég endurtek þakkir mínar til allra þeirra sem leggja íþrótt- og æskulýðsstarfi lið með einum eða öðrum hætti. Þeir sem það gera stuðla að því að byggja upp hrausta og lífsglaða einstaklinga – heilbrigða og kappsama nýja kynslóð – kynslóðina sem mun taka við keflinu úr höndum okkar sem eldri erum fyrir en varir.

Ég er þess fullviss að við verðum í góðum höndum.

Þakka ykkur öllum kærlega fyrir. Ég óska ykkur gleðilegra páska og gæfuríkrar framtíðar.